

Nr. 107 / 11 Aurora seglskúta**Legufæri slitna**

Skipaskr.nr. 2693
IMO nr. 0
Smíðaður: Essex Englandi 1996 plast
Stærð: 37,5 brl. 26,4 bt.
Mesta lengd: 18,3 m Skráð lengd: 17,14 m
Breidd: 4,72 m Dýpt: 2,37 m
Vél: Perkins 86 kW 1995
Fjöldi skipverja: 9



Aurora ©BB

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. apríl 2011 lá Aurora við akkeri á Hvalrossbukt á norðausturströnd Jan Mayen. Veður: V- 11 m/sek vindhviður V- 23 m/sek. Ölduhæð talin vera 3-5m

Lagst var fyrir 70 metrum af keðju á 8 til 10 m dýpi um kl. 15:00 þann 7. apríl. Vaxandi veðurspá var og var ákveðið að bíða veðrið áður en lagt yrði af stað til Íslands. Hélt akkerið vel og engir rykkir fundust frá legufærunum. Rétt um hádegi daginn eftir tók skútuna skyndilega að reka og þegar híft var upp kom í ljós að akkerið hafði slitnað frá. Neðst á akkeristauginni var sigurnagli og þar ofar samskonar lás sem slitnaði en hann var mikið teygður.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra og eiganda hafði hann keypt akkerisbúnaðinn sitt í hvoru lagi en hann átti að fullnægja reglugerð um legubúnað fyrir bátinn. Búnaðurinn var 13mm stutthlekkja keðja og við hana var 105 punda CQR akkeri en á milli var lásað með tveimur lásum af sama sverleika með sigurnagla á milli;
- að skipið er flokkað í samræmi við „Norðurlandareglur“ um skip styttri en 15 m en í reglu V-16 gr.2.3 segir: „Hver bátur skal búinn minnst einni akkeriskeðju af lengd og með þvermáli skv. línuritinu“. Línuritið nær aðeins til

CQR akkeri
(plógur)

15 metra báta en Aurora er 18,3 m að mestu lengd. Akkerisbúnaðurinn var öflugri en endi línuritsins sagði til um;

- að starfsmaður Siglingastofnunar gerði búnaðartöluútreikninga fyrir skipið og var niðurstaða hans sú að brotþol akkerisfestar Auroru ætti að vera minnst 51 kn (kíló Newton) eða 5,2 tonn
- að legufærin voru stokkalaus stutthlekkjakeðja sem ekkert sá á eftir átökin en hún var mæld á legg 15 mm. Annar lásinn náðist upp en var verulega teygður og mældist á leggnum upp við þolinmóðsgat 14 mm svo ætla má að hann hafi verið af sama sverleika og keðjan eða 15 mm og þá einnig eins og lásinn sem brast en þó svo þeir hafi ekki náð því máli þá fullnægðu 14 mm lásar reglugerð;
- að ætla má að reiknað brotþol 15 mm lás sé 8,325 tonn og 14 mm sé 7,252 tonn og það því fullnægt brotþoli í búnaðartölu skipsins.



Nefndarálit:

Orsök atviksins var að veikasti hlekkur legufæraanna brast því hann þoldi ekki átökin. Hvort sem það var af völdum þess að sverleiki hans gaf ekki rétta mynd af styrkleika efnisins eða átökin voru meiri en 14 mm lás þoldi.